

Sp.

361. Fyrirspurnir.

[213. mál]

I. Til félagsmálaráðherra varðandi framkvæmd laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. a) Á hvern hátt hefur Húsnæðisstofnun ríkisins framkvæmt ákvæði VI. kafla laganna, að því er varðar tækninýjungar og rannsóknir í byggingariðnaði?
b) Hvernig hefur verið staðið að opinberri samkeppni um gerð uppdráttar að húsum, fylgst með og kynntar tækninýjungar sem stuðlað gætu að lækkun byggingarkostnaðar?
2. a) Hversu háar fjárhæðir hefur stofnunin veitt í lánnum eða styrkjum vegna tækninýjunga í byggingariðnaði s. l. tvö ár?
b) Hvaða aðilar hafa fengið þau lán eða styrki?

II. Til menntamálaráðherra um áhrif tölvuvæðingar í skólakerfi landsins.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 21. maí 1981, um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins?